



Borgarráð

### **Nauthólsvegur 100A, samkomulag um flutning á húsi**

Óskað er eftir samþykki borgarráðs á meðfylgjandi samkomulagi við Sportkafarafélag Íslands um flutning á húsi félagsins að Nauthólsvegi 100A inn á lóð Nauthólsvegar 100.

#### **Greinargerð**

Samkomulag þetta byggir á viðræðum aðila vegna fyrirhugaðrar Borgarlínu og brúar yfir Fossvog, sem er hluti af uppbyggingu vegna Borgarlínu samkvæmt samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Flutningur á húsinu á Nauthólsvegi 100A er nauðsynlegur til að tryggja leið Borgarlínunnar að nýrri brú yfir Fossvoginn.

Sportkafarafélag Íslands er eigandi hússins á Nauthólsvegi 100A, fasteignanúmer F2029689. Um er að ræða hús sem Sportkafarafélagið reisti sem félagsheimili á árunum 1989-1990. Félagið fékk leyfi fyrir byggingu bráðabirgðahúss á lóðinni í júlí 1989 með þeirri kvöð að húsið yrði rífið borgarsjóði að kostnaðarlausu þegar krafist yrði. Árið 2004 fékk húsið staðfangið Hlíðarfótur 81a en árið 2010 var götuheitinu breytt og húsið fékk þá staðfangið Nauthólsvegur 100A. Lóðin (landeignanúmer L106930) er eign Reykjavíkurborgar.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að húsið á Nauthólsvegi 100A verði flutt inn á lóð Nauthólsvegar 100 og húsið verði staðsett norðan megin lóðar. Breyting á skipulagi vegna þessa er að ljúka.

Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna þessa verði 1,7 m.kr.

Gert verður ráð fyrir þessum kostnaði í fjárfestingaráætlun.

Áfram verður kvöð er um að húsið verði rífið eða fjarlæggt borgarsjóði að kostnaðarlausu þegar krafist verður.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig,  
Fjármála- og áhættustýring  
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Drög að samkomulagi um flutning á húsinu að Nauthólsvegi 100A dags. 26.8.2024.

Samkomulag frá 4. ágúst 1989

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, og Sportkafarafélag Íslands, kt. 520983-0239, Pósthólf 780, 121 Reykjavík gera með sér svofellt:

## SAMKOMULAG

### UM FLUTNING Á HÚSINU Á NAUTHÓLSVEGI 100A

#### *Formáli*

Sportkafarafélag Íslands er eigandi að færanlegu húsi sem stendur á Nauthólsvegi 100A, fasteignanúmer F2029689. Um er að ræða hús sem Sportkafarafélagið reisti sem félagsheimili á árunum 1989-1990. Félagið fékk leyfi fyrir byggingu bráðabirgðahúss á lóðinni í júlí 1989 með þeirri kvöð að húsið yrði rífið borgarsjóði að kostnaðarlausu þegar krafist yrði. Árið 2004 fékk húsið staðfangið Hlíðarfótur 81a en árið 2010 var götuheitinu breytt og húsið fékk þá staðfangið Nauthólsvegur 100A. Lóðin (landeignanúmer L106930) er eign Reykjavíkurborgar.

Vegna fyrirhugaðrar Borgarlínu og brúar yfir Fossvog, sem er hluti af 1. áfanga uppbyggingar vegna Borgarlínu samkvæmt samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, þarf hús Sportkafarafélagsins á Nauthólsvegi 100A að víkja.

#### **1. gr.**

##### *Ný staðsetning og flutningur hússins*

Húsið á Nauthólsvegi 100A verður flutt á Nauthólsveg 100, 102 Reykjavík sem er lóð í eigu Reykjavíkurborgar. Sjá staðsetningu á fylgiskjali 1.

#### **2. gr.**

##### *Framkvæmd og kostnaðarskipting*

Sportkafarafélagið annast og ber ábyrgð á allri framkvæmd við flutning hússins inn á lóð Nauthólsvegar 100, þ.m.t. allan kostnað við flutninginn. Sportkafarafélagið skal afla tilskilinna leyfa fyrir flutningnum, trygginga og öðru því sem viðkemur framkvæmdinni.

Reykjavíkurborg greiðir fyrir tenginu hússins við veitukerfi og greiðir gjöld vegna þessa svo og kostnað við breytingu á skipulagi og samþykkt byggingarfulltrúa. Eins greiðir Reykjavíkurborg 1.7 m.kr. gegn framvísun reikninga frá verktökum vegna flutnings.

#### **3. gr.**

##### *Tímafrestur*

Sportkafarafélagið skal flytja húsið eigi síðar en 15. desember 2024. Verði húsið ekki flutt fyrir ofangreint tímamark er Reykjavíkurborg heimilt að flytja húsið af Nauthólsvegi 100 á kostnað Sportkafarafélagsins.

**4. gr.**

*Annað*

Við framkvæmd þessa samnings skal í öllum efnum tryggt fullt samráð milli Reykjavíkurborgar og Sportkafarafélagsins. Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar kemur fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar sem tengiliður. Þar sem húsið verður á lóð Reykjavíkurborgar verður ekki gerður lóðarleigusamningur um húsið. Sportkafarafélagsins mun greiða allan rekstarkostnað við rekstur á húsinu og munu hafa ótakmarkaðan aðgang að því.

**5. gr.**

*Kvöð*

Kvöð er um að húsið verði rífið eða fjarlægt borgarsjóði að kostnaðarlausu þegar krafist verður. Krefjist Reykjavíkurborg að húsið verði fjarlægt innan 5 ára frá undirritun samkomulags þessa endurgreiðir Reykjavíkurborg útlagðan kostnað Sportkafarafélagsins vegna þessa flutnings.

Rísi mál vegna samkomulags þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 26. ágúst 2024

---


F.h. Reykjavíkurborgar  
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

---

F.h. Sportkafarafélags Íslands

Vottar að rétttri dags., undirskrift og  
fjárræði aðila:

Fylgiskjal 1



Y F I R L Ý S I N G

Samkvæmt ályktun borgarráðs 13. júní 1989 er Sportkafarafélagi Íslands, kt. 520983-0239, nnr. 8328-6377, hér með veitt aðstaða fyrir bráðabirgðahús úr timbri á lóð í Nauthólsvík, sbr. tillögu Skipulagsnefndar dags. 8. ágúst 1988 og samþykkt byggingarnefndar Reykjavíkur fyrir bráðabirgðahús úr timbri á lóð í Nauthólsvík, að stærð 251 rúmm., þ.e. l. hæð 60,5 ferm. og ris 25 ferm.

Lóðarsamningur verður ekki gerður að svo stöddu.

Kvöð er um að húsið verði rífið borgarsjóði að kostnaðarlausu þegar krafist verður.


Borgarstjórinn í Reykjavík, 4. ágúst 1989





f.h. Sportkafarafélags Íslands

Ómar Frimursson







Íslenski neðri hæð 55 m<sup>2</sup>  
 efri hæð 15 m<sup>2</sup>  
 samtals: 237 m<sup>2</sup>




vesturgalli




suðurgalli




norðurgalli



osturgalli



Nauhólsvík 1:1000  
 Hús Sportkafarafiags Íslands f Nauhólsvík  
 Hönnuð af Jóni Magnússoni



neðri hæð

Húsarinn er hönnuð af Jóni Magnússoni, Hönnuð af Jóni Magnússoni  
 Hús Sportkafarafiags Íslands f Nauhólsvík

Hönnuð af  
 Jóni Magnússoni

Skala  
 1:1000, 1:1000